

son & Co., kr. 947.89 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1938 til greiðsludags og kr. 50.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júní 1940.

Nr. 121/1939. **Júlíus Þorbergsson**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Tryggingarstofnun ríkisins

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Örorkubætur.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefir upp kveðið Gunnar A. Páls-son, fulltrúi lögmanns.

Áfrýjandi, sem hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 10. nóv. f. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. s. m., hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 6000.00 með 6% ársvöxtum frá 19. okt. 1936 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gjafsókn fékk áfrýjandi fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann með bréfi dómsmálaráðuneytis 18. des. f. á. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdómnum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki verður talið, að áfrýjandi sé vegna ákvæða 2. tölul. 10. gr. laga nr. 26/1936 og nú 3. tölul. 10. gr. laga nr. 74/1937 um alþýðutryggingar, þar sem um greiðslu örorkubóta er vísað til dómslæknis tryggingarinnar, sviptur rétti til þess að

bera undir dómstólana nokkur þau atriði, sem kröfu hans á hendur stefnda varða, enda þykir mega skilja téð ákvæði svo, að stefndi greiði ekki slíkar bætur án ráði læknis síns, nema boðið sé í dómi.

Sjúkleiki sá, er áfrýjandi þjáist af og í máli þessu greinir, virðist vera svo nánin afleiðing slyss þess, sem hann varð fyrir þann 19. okt. 1936, að eigi sé heimild til þess í lagaákvæðum um slysa-tryggingar að varna honum örorkubóta sakir sjúkleikans. Læknar hafa verið ósammála um batalíkur. Hefir læknir stefnda talið sjúkdóminn mundu batna, en héraðslæknir telur, að bati sé „mjög vafasamur, en ekki óhugsandi“. Taugalæknar tveir telja slíkan sjúkdóm, sem áfrýjandi er haldinn af, oft batna eftir 2—3 ár. Virðist því ekkert verða um það fullyrt, hver batavon sé eða hversu langan tíma sjúkdómurinn muni valda áfrýjanda örorku. Þykir því eiga að dæma honum örorkubætur úr hendi stefnda. Metur héraðslæknir örorkuna 60%—65% að minnsta kosti, og hefir það ekki verið véfengt í máli þessu, að örorka áfrýjanda nú nemi svo miklu. Fullar örorkubætur samkvæmt 3. tölul. 10. gr. laga nr. 74/1937 nema kr. 6000.00, og verður að dæma áfrýjanda samkvæmt mati héraðslæknis 65% af þeirri fjárhæð, eða kr. 3900.00. Vöxtu, 6% p. a., þykir í þessu máli rétt að telja frá 28. nóv. 1938, er áfrýjandi gerði bótakröfu sína á hendur stefnda.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað, þar á meðal um málflutningslaun talsmanns áfrýjanda í héraði, þykir bera að staðfesta Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður og að málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Tryggingarstofnun ríkisins, greiði áfrýjanda, Júlíusi Þorbergssyni, kr. 3900.00 með 6% ársvöxtum frá 28. nóv. 1938 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað, þar á meðal um málflutningslaun talsmanns áfrýjanda í héraði, eiga að vera óröskuð. Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 300.00, greiðist úr rikissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., er að fengnu gjafsóknarleyfi höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. apríl 1939, af Júlíusi Þorbergssyni verkamanni, Laugavegi 132 hér í bæ, gegn Tryggingarstofnun ríkisins hér í bænum til greiðslu örorkubóta, að upphæð kr. 6000.00, eða annarrar lægri upphæðar eftir mati réttarins ásamt 6% ársvöxtum af tildæmdri upphæð frá 19. október 1936 til greiðsludags. Ennfremur krefst stefnandi málskostnaðar til handa sér og rikissjóði samkvæmt framlögðum reikningi eða eftir mati réttarins.

Stefndur, Tryggingarstofnun ríkisins, krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málsatvik eru þau, að þann 19. október 1936 var stefnandi þessa máls og nokkrir fleiri verkamenn, er ásamt honum unnu við byggingu rafstöðvarinnar við Ljósafoss, að flytja steinsteyptar súlur á sporbrautarvögnum yfir fossinn frá húsi austanmegin hans. Ógu súlur þessar 700 kg hver. Þegar vestur yfir fossinn kom, voru súlurnar teknar af vögnunum og látnar renna í böndum niður í gryfju, er

þar var. Súlurnar munu hafa þurft að koma varlega niður, og var stefnandi ásamt öðrum manni hafður niðri í gryfjunni til að taka á móti þeim. Er þeir voru að taka á móti þriðju súlunni, slitnaði kaðall sá, er hún var látin síga í, og féll súlan þá. Lenti hún á stefnanda, er um leið féll aftur á bak, og mun hann að einhverju leyti hafa orðið fastur undir súlunni, og aðrir hafa orðið að hjálpa honum undan henni. Samdægurs fór stefnandi í bifreið hingað til Reykjavíkur, en leitaði þó ekki læknis fyrr en 21. október, enda kveðst hann ekki hafa náð í lækni sinn, Matthías Einarsson, fyrr. Samkvæmt vottorði nýnefnds læknis, dags. 1936 (mánaðardag vantar), fann hann ekki annað að stefnanda en talsvert mar á hægra læri, legg og mjöðm. Jafnframt segir í vottorðinu, að stefnandi geti ekki haldið áfram starfi sínu án þess að brjóta í bág við lækningatilraunir, sökum þess að hann sé haltur. Var stefnandi nú látinn fara í rafböð hjá nuddlækni, og var hann lengi í þeim.

Þar sem stefnandi var í umrætt skipti við vinnu í slysa-tryggðri atvinnu, og ekki var um það deilt, að meiðslin væru þess eðlis, að þau væru bótaskyld, þá greiddi stefndur alla læknishjálp fyrir stefnanda, og auk þess greiddi hann honum dagpeninga í samræmi við alþýðutryggingalögin. Þann 26. febr. 1937, en þá var stefnandi ennþá í rafböðunum, skoðaði Sigurður Sigurðsson berklalæknir, þáverandi trúnaðarlæknir stefnds, stefnanda og segir, að hann muni byrja að vinna næstu daga, eða nánar tiltekið 1. marz 1937. Til þess dags greiddi stefndur stefnanda fyrir tímabilið frá 27. október 1936 til 1. marz 1937 kr. 630.00. Virðist stefnandi ekki hafa kvartað um neitt sérstakt, er Sigurður skoðaði hann í þetta skipti, og verður heldur ekki séð, að hann hafi hreyft neinum andmælum gegn því, að hætt var að greiða honum dagpeninga frá 1. marz 1937 að telja. Liggja nú ekki fyrir neinar beinar upplýsingar um heilsufar stefnanda nokkurt tímabil, eða eftir mánaðamótin febrúar og marz 1937, en hinsvegar liggur fyrir vottorð eins verkstjóra Reykjavíkurbæjar um, að stefnandi hafi seinni hluta vetrar 1937 komið til vinnu í flokk hans, en verið mjög getulítill til hennar, og hafi hann allur riðað og titrað að afloknu dagsverki. Kveðst verkstjórinn ekki hafa talið hann færan til vinnunnar, enda hafi hann brátt hætt henni þess vegna, að því að verkstjórinn taldi. Þann 19. október

1937 mat Magnús Pétursson, héraðslæknir í Reykjavík, örorku stefnanda og komst að þeirri niðurstöðu, að hann hefði misst 60—65% af starfsorku sinni og að ekki yrði sagt með vissu, hvenær hann næði henni aftur. Eftir áramótin 1937 og 1938 mun stefnandi hafa farið að gera tilraunir til að fá greiddar örorkubætur frá stefndum, og 3. marz 1938 skoðaði Jóhann Sæmundsson, núverandi trúnaðarlæknir stefnds, hann með tilliti til örorkumats. Fann læknirinn engin einkenni um líkamlegan sjúkdóm, og sýndi rannsókn á taugakerfinu engar sjúklegar breytingar né einkenni um vefræna (organiska) bilun. Hinsvegar bar mikið á óreglulegum titring í báðum efri útlimum, og var hann þannig að sjá, að hann varð að áliti læknisins ekki heimfærður undir neina vefræna bilun, heldur var hann alveg starfrænn (funktionel). Taldi trúnaðarlæknirinn sjúkdóm stefnanda vera neurosis traumatica, þ. e. taugaveiklun í sambandi við slys. Að fengnu þessu áliti læknisins neitaði stefndur síðan stefnanda um örorkubætur. Vildi stefnandi ekki sætta sig við þau málalok og höfðaði því mál þetta og gerir í því áðurgreindar kröfur, er hann byggir á því, að hann sé ennþá algerlega óvinnufær vegna afleiðinga fyrrgreinds slyss. Og þar sem engin von sé um bata, beri stefndum að greiða sér hinar umkröfðu örorkubætur.

Stefndur byggir hinsvegar stefnukröfu sína á því, að hér sé ekki um bótaskylda örorku að ræða, enda sé hún ekki tilkomin sem bein afleiðing af slysinu né heldur sé hún varanleg.

Auk þeirra læknisvottorða, er þegar hefir verið getið, liggur fyrir vottorð frá Björgvini Finnssyni nuddlækni, en hjá honum var stefnandi í rafböðum frá 23. febrúar 1938 til 15. júlí s. á. Segir í því, að sjúkdómur stefnanda sé neurosis traumatica, að bati hafi verið lítill og stefnanda finnist hann vera alveg óvinnufær. Loks liggur fyrir bréf Magnúsar Péturssonar, dags. 2. marz 1939, ritað stefndum útaf fyrirspurn hans til læknisins viðvikjandi fyrrgreindu mati hans á örorku stefnanda. Lét Magnús Alfred Gíslason, sérfræðing í taugasjúkdómum, skoða stefnanda og tekur rannsókn hans orðrétta upp í bréf sitt. Getur Alfred ekki neinna vefrænna skemmda hjá stefnanda, hvorki á taugakerfi né annarsstaðar, og kemst hann að þeirri niðurstöðu,

að sjúkdómur hans sé *neurosis traumatica*. Segir Magnús í bréfinu, að hann, þ. e. Magnús sjálfur, telji fyrrgreint slys orsök örorku stefnanda, og bati finnst honum vafasamur, en ekki óhugsandi.

Með læknisvottorðum þeim, sem nú hafa verið rakin, telur rétturinn nægilega upplýst, að sjúkdómur sá, er veldur núverandi örorku stefnanda, sé *neurosis traumatica*, enda hafa aðiljar ekki deilt um það. Stefndur hefir og játað, að örorka stefnanda muni vera sú, er segir í fyrrnefndu vottorði héraðslæknisins, og er því heldur ekki ágreiningur, er máli skiptir, með aðiljum um það atriði. Af framangreindum læknisvottorðum og öðru því, er liggur fyrir í máli þessu, þykir ljóst, að þær vefrænu skemmdir, er stefnandi varð fyrir við umrætt slys, hafi að fullu verið bættar þegar um mánaðamótin febrúar og marz 1937. Er því ekki slíkum skemmdum um að kenna sjúkdóm stefnanda nú og örorku þá, er af honum leiðir. Er örorka stefnanda þannig ekki í beinu orsaka-sambandi við meiðslin, heldur virðist mega ráða af vottorðunum, að hún stafi af starfrænum orsökum, sem séu tilkomnar, eftir að meiðslin voru gróin, en að vísu í tilefni af slysinu, án þess þó að vera beinar afleiðingar þess. Sjúkdómur stefnanda er almennt talinn bætanlegur, og liggur ekkert læknisvottorð fyrir í málinu, er lætur í ljós það álit, að ekki muni vera hægt að bæta stefnanda. Í samræmi við það fullyrðir heldur ekkert vottorðanna, að um varanlega örorku sé að ræða hjá stefnanda, en það er eitt skilyrði þess, að örorka sé bótaskyld.

Af nýgreindum ástæðum, þeim 1) að örorka stefnanda orsakast ekki af vefrænum skemmdum og er þannig án beins orsakasambands við meiðslin, heldur tilkomin, eftir að þau voru gróin að fullu, og 2) að engar líkur eru leiddar að því, að stefnandi sé ólæknandi og örorka hans þar afleiðandi varanleg, þá lítur rétturinn svo á, að sýkna beri stefndan af öllum kröfum stefnanda, en eftir málavöxtum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 19. apríl s. l., var stefnanda veitt gjafsókn í máli þessu og hdm. Egill Sigurgeirsson jafnframt skipaður talsmaður hans. Málflutningslaun hins skipaða talsmanns, er þykja hæfilega ákveðin kr. 150.00, skulu greiðast úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Tryggingarstofnun ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Júlíusar Þorbergssonar.

Málskostnaður falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, hdm. Egils Sigurgeirssonar, kr. 150.00, greiðist úr rikissjóði.

Miðvikudaginn 12. júní 1940.

Nr. 37/1940. Tómas Þorvaldsson

gegn

Ketilbjörgu Erlendínu Magnúsdóttur

Um öflun frekari skýrslna í barnsfaðernismáli.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður dómur verður lagður á mál þetta í hæstarétti, ber héraðsdómaranum að hlutast til um öflun gagna þeirra, er nú verða talin:

1. Héraðsdómaranum ber að gefa stefndu kost á því að leggja sig og barn sitt undir blóðrannsókn, og ef hún samþykkist það, þá að eiga hlut að því, að blóðrannsókn fari fram á stefndu, Ketilbjörgu Erlendínu Magnúsdóttur, barni hennar, því er í málinu greinir, og áfrýjanda, Tómasi Þorvaldssyni, sbr. 214. gr. laga nr. 85 frá 1936.

2. Stefnda sjálf, heimilisfólk hennar og aðrir, sem til kunna að vita, skulu um það spurð, hvenær stefnda hafi farið síðast til Reykjavíkur á árinu 1937 og hve lengi hún hafi þá dvalizt í Reykjavík.

3. Leita skal upplýsinga um það m. a. með skýrslum stefndu sjálftrar og heimilisfólks hennar, hvort stefnda hafi farið til Grindavíkur og verið þar á dansskemmtun á vetrarvertíð 1938, og ef svo er,